
***Skógarvörðurinn á Norðurlandi:
Starfsskýrsla fyrir árið 2019***



Mynd: Kolaofninn á Vöglum.

Rúnar Ísleifsson

Efnisyfirlit

1. Veðurfar ársins	3
2. Vöxtur og þrif trjágróðurs.....	3
2.1. Laufgun og lauffall.....	3
2.2. Vöxtur.....	3
2.3. Skaðar.....	4
3. Fræhús, fræsöfnun og fræsala	4
3.1 Fræhús og fræsöfnun	4
3.2 Fræsala.....	5
4. Starfsfólk	6
5. Girðingar	6
6. Skógarhögg	6
6.1. Grisjun	6
7. Sala afurða	7
7.1 Sala girðingarstaura.....	7
7.2 Viðarsala.....	7
7.3 Jólatré	8
7.4 Önnur sala.....	8
8. Nýframkvæmdir	8
9. Gróðursetning og jarðvinnsla	9
10. Byggingar	10
11. Vélar og verkfæri	10
12. Ýmislegt	10
12.1. Fundir, ferðalög og viðburðir	10
12.2. Ferðafólk	11
12.3. Annað	11

1. Veðurfar ársins

Fyrstu mánuðir ársins voru fremur mildir í veðri og snjóalög ekki áberandi mikil. Snjór var að mestu horfinn úr Vaglaskógi síðustu vikuna í apríl. Mest varð snjódýptin fyrri hluta árs 1,07 metrar mæld þann 23. mars.

Tíðarfar var mjög hagstætt í apríl og óvenju hlýtt. Maí- og júnímánuðir voru frekar svalir og þurrir. Í júlí og ágúst var veður þökkalegt en heldur úrkomusamt. September- og októbermánuðir voru frekar svalir og úrkomusamir. Nóvembermánuður reyndist einstaklega þurrviðrasamur.

Desember reyndist síðan sérstaklega úrkomusamur með tilheyrandi snjóalögum.

Á haustmánuðum festi ekki neinn snjó að ráði og í raun ekki fyrr en komið var fram yfir 10. desember. Mesta snjódýpt mældist í 18. desember eða 1,03 metrar.

Úrkoman var heldur yfir meðallagi víða á norðaustanverðu landinu. Í Vaglaskógi reyndist hins vegar ársúrkoman vera um 751,4 mm sem er mjög nálægt meðaltali.

2. Vöxtur og þrif trjágróðurs

2.1. Laufgun og lauffall

Ekki skráð.

2.2. Vöxtur

Vöxtur reyndist ágætur á flestum trjátegundum.



Mynd: Sjáanlegar skemmdir af völdum tígulvefara í Þórðarstaðaskógi.

2.3. Skaðar

Skaðar voru ekki áberandi í skógi en þó sáust tölverðar skemmdir á birkiskógi af völdum tígulvefara (líklega). Skemmdirnar sáust í Mela og Skuggabjargaskógi og inn að Belgsá. Mestu skemmdirnar voru í ákveðnu hæðarbelti í skóginum. Engin stærri snjóflóð sáust í innanverðum Fnjóskadal á svæðum Skógræktarinnar þótt auðvitað sjáist vegsummerki nánast á hverjum vetri.

3. Fræhús, fræsöfnun og fræsala

3.1 Fræhús og fræsöfnun

Úr Fræhúsinu var safnað um 3,65 kg af lerkifræi (yrki: Hrymur). Þar af var EL/RL 2,95 kg og RL/EL 0,7 kg. Búið er að hreinsa lerkifræið en ekki stærðarflokka það og ekki vitað um spírunarprósentu enn sem komið er. Engu öðru fræi var safnað á vegum Skógræktarinnar á Norðurlandi. Umsjón með Fræhúsinu hafði Valgerður Jónsdóttir.

3.2 Fræsala

Á árinu var eftirfarandi magn af fræi selt frá fræmiðstöðinni á Vöglum.

Magn eftir tegundum

Tegund	Magn í gr.
Birki	34
Blágr. x sitkagr.	15
Broddfura	5
Fjallapínur	65
Hengibirki	1
Hrymur	2.242
Hvítgreni	12
Ilmreynir	20
Lindifura	660
Rauðgreni	21
Rauðölur	4
Sitkabastarður	20
Sitkagreni	1.908
Sitkaölur	41
Stafafura	3.731
Steinbjarkarblend.	20
Samtals:	8.799

Magn eftir tegundum og frænúmerum.

Tegund	Frænúmer	Magn í gr.
Birki	208015	21
Birki	216002	10
Birki	215001	3
Blágr .x sitkagr.	217014	15
Broddfura	209001	5
Fjallapínur	213001	65
Hengibirki	214003	1
Hrymur	218005	15
Hrymur	216008	22
Hrymur	217006	290
Hrymur	217009	1.035
Hrymur	218004	750
Hrymur	218005	130
Hvítgreni	208056	12
Ilmreynir	209005	20
Lindifura	216003	660
Rauðgreni	206029	1
Rauðgreni	206030	20
Rauðölur	219001	1
Rauðölur	218010	3
Sitkabastarður	208057	20
Sitkagreni	208035	20
Sitkagreni	208031	180
Sitkagreni	208032	138
Sitkagreni	208033	400
Sitkagreni	208035	60
Sitkagreni	208036	700
Sitkagreni	208057	150
Sitkagreni	209009	250
Sitkaölur	215007	41
Stafafura	216007	30
Stafafura	216008	801
Sitkagreni	217010	10
Stafafura	217020	1.700
Stafafura	218007	400
Stafafura	218009	750
Stafafura	218012	50
Steinbjarkarblend.	210018	20
Samtals:	Samtals:	8.799

Upplýsingar: Valgerður Jónsdóttir.

4. Starfsfólk

Starfsfólk var þetta á árinu: Valgeir Davíðsson yfirverkstjóri, Teitur Davíðsson, Huldur Trausti Valgeirsson og Þuríður Davíðsdóttir unnu við skógarhögg og viðarvinnslu ásamt ýmsu fleiru. Valgeir var ráðinn sem yfirverkstjóri á vormán-uðum og Huldur Trausti kom inn sem fastur starfsmaður í byrjun júlí.

Sumarfólk var Ásmundur Ragnarsson og Astrid Stefánsdóttir sem aðallega unnu á tjald- og hjólhýsavæðum. Benedikt Stefánsson og Andri Þór Stefánsson unnu við skógarhögg, viðarvinnslu, gróðursetningu, viðhald girðinga og fleira tilfallandi.

Fimm verknemar voru við störf á þessu ári hér á Vöglum. Fyrst ber að nefna Þjóðverjann Lauru Winckelmann sem vann hérna allan janúarmánuð og fram í byrjun febrúar. Hollendingurinn Yochem Hobbelen vann hér í tvo mánuði frá því seinnipartinn í apríl. Finninn Jonne Luoma og Frakkarnir Julian Angeloz og Victor Girard unnu hér frá því í byrjun júní og fram í byrjun ágúst. Reyndust þessir verknemar allir með ágætum.

Valgerður Jónsdóttir sá eins og áður um fræræktina og fræmál fræmiðstöðvarinnar.

5. Girðingar

Viðhald girðinga var í meðallagi þetta árið. Um viðhald girðinga á Sigríðarstöðum, Melum og Skuggabjörgum, Þórðarstöðum og Belgsá, Grund, Kristnesi og Vöglum á Þelamörk sá starfsfólk Skógræktarinnar á Vöglum. Valgeir og Teitur Davíðssynir sáu svo um taka niður girðingu fyrir veturinn á Þórðarstöðum og Belgsá.

Verktakar sáu um viðhald á eftirtöldum girðingum: Á Vöglum í Fnjóskadal vann Sigurður Jóhann Freygarðsson, ábúandi á Hálsi, verkið. Á Gilá í Vatnsdal sá Ingbór J. Kristmundsson um viðhald.

Verktakar höfðu umsjón með smölun á eftirtöldum svæðum: Í Þórðarstaðaskógi og á Belgsá sá Sigurður Jóhann Freygarðsson um smölun. Ármann Olgeirsson sá um girðinguna í Mela- og Skuggabjargaskógi.

6. Skógarhögg

6.1. Grisjun

Unnið var við grisjun og skógarhögg í skógum Skógræktarinnar í Fellsskógi, á Hálsmelum, Vaglaskógi og Vöglum á Þelamörk. Einnig fengum við heimild til skógarhöggs og grisjunar í Reykjarskógi inn á Bleiksmýrardal sem er í eigu Norðurorku. Einnig í skóglendum í einkaeigu í Ystafelli.

Enginn vélgrisjun var í gangi í skóglendum Skógræktarinnar á Norðurlandi frekar en fyrri daginn. Grisjun í ræktuðum skógi var því mjög lítil í ár eða sem nemur 2,3 ha. Í birkiskógi var umfang grisjunar minna en síðustu ár og einungis grisjaðir um 3,6 hektarar. Samtals voru því grisjaðir um 5,9 hektarar í skóglendum Skógræktarinnar á Norðurlandi.

Eftirtaldir reitir og svæði voru grisjuð á árinu:

Staður	Reitur	Flatarmál í ha.	Tegund	Hvenær grisjað	Athugasemdir
Reykjaskógur	6 og 7	1,87	Birki	Sumar	
Vaglaskógur	286	0,17	Blágreni	Vetur	Trjásafn
Vaglaskógur	425	1,75	Birki	Haust	
Vaglir á Þelamörk	63	0,23	Skógarfura	Vetur	
Vaglir á Þelamörk	29	0,37	Stafafura	Vetur	
Vaglir á Þelamörk	12	0,24	Rússalerki	Vor	
Hálsmelar	594 og 595	0,72	Rússalerki	Sumar	Hlutar reita
Vaglaskógur	139	0,20	Stafafura	Vetur	Hluti reitar
Fellsskógur	1	0,14	Sitkabastarður	Haust	
Ystafell	1	0,23	Lerki	Sumar	
	Samtals:	5,9			
	Þar af grisjun á birki:	3,6			

7. Sala afurða

7.1 Sala girðingarstaura

Seldir voru samtals um 292 girðingarstaurar til eins aðila, þ.e. Guðbergs Eyjólfssonar í Brúnagerði.

7.2 Viðarsala

Afurð	Fjöldi poka/sekkja/annað	m ³ f	Athugasemdir
Bolviður fura, lerki, greni og ösp		112,4	
Bolviður birki, smíðaviður		0,2	
Borðviður lerki í m ³		0,3	
Borðviður annað í m ³		0,9	
Arinviður birki um 20 kg.	3.408	81,8	
Birkiafsag í stórsekkjum	14,8	7,4	
Arinviður barr um 12 kg.	132	2,4	
Barrviðarafsag í stórsekkjum	3,8	1,9	
Kurl lerki	65	32,4	Stórsekkir
Kurl annað	4	2,0	
Kurl birki/annað	365	9,9	Reykingarkurl 60 lítra pokar
Plattar		262	Í stykkjatali
Samtals m³f		251,4	

Í ár voru seldir um 112 m³f af bolvið og var Viðundur ehf. (áður Fellsskógur ehf.) langstærsti kaupandinn. Eins og áður keypti Ólís nær allan arinvið af okkur en því miður var mikill samdráttur í sölu til þeirra. Meginástæðan var færri starfsfólk en verið hefur. Áfram seldist mikið af birkikurli til reykingar á matvælum. Stærsti kaupandinn var Norðlenska á Húsavík. Einnig var aukning í sölu á beð-

kurli. Mikill samdráttur var í sölu á plöttum. Mögulega eru fleiri aðilar farnir að framleiða þá.

7.3 Jólatré

Jólatré voru að mestu höggvin um miðjan nóvember. Rauðgreni var aðallega felld á Vöglum á þelamörk í reit 249 en einnig nokkur tré felld í Þórðarstaðaskógi í reitum nr. 4 og 19. Fjallapínur var aðallega sóttur í reiti nr. 302 og 309 í Vaglaskógi og reit 11 á Vöglum á þelamörk. Blágreni og stafafura var höggvin á Vöglum á þelamörk. Blágrenið var sótt í reit nr. 213 og stafafura var höggvin á víð og dreif um svæðið. Stærri tré voru felld á Vöglum á þelamörk og í Vaglaskógi.

Stærsti einstaki kaupandi jólatrjáa eins og undanfarin ár var Gróðrarstöðin Sólskógar.

Felld tré

Svæði	Blágreni	Fjallapínur	Rauðgreni	Stafafura	Samtals
Vaglaskógur		12			12
Vaglir á þelamörk	5	8	55	11	79
Þórðarstaðaskógur			11		11
Samtals:	5	20	66	11	102

Seld tré

Stærð	Blágreni	Fjallapínur	Rauðgreni	Stafafura	Samtals
75-100		1	1		2
101-125		4	6	3	13
126-150	1	4	14	2	21
151-175	2	2	23	4	31
176-200		1	12	1	14
201-250	1		5		6
251-300		1			1
301-400		1			1
401-500			1		1
Samtals:	4	14	62	10	90

7.4 Önnur sala

Sala rjúpnaveiðileyfa fór fram á hefðbundinn hátt í gegnum hlunnindi.is.

8. Nýframkvæmdir

Haldið var áfram með göngustíginn á Hálsmelum, hann lagfærður og lögð leið niður melana og langleiðina að Bjarmasvæðinu. Einnig var víða hreinsað og grísað frá stígnum þannig að hann væri betur fær. Vonandi tekst að ljúka gerð stígsins á næstu tveimur árum. Er þetta samstarfsverkefni Skógræktarfélags Fnjóskdæla og Skógræktarinnar og styrkt af umhverfis- og auðlindaráðuneytinu í tengslum við uppbyggingu á útivistaraðstöðu á svæðinu. Um þessi verk sá

Skógræktin á Vöglum en þó aðallega verktakarnir, þeir Jón Þórólfsson og Kristján I. Jóhannesson.

Gerðar voru lagfæringar á innkeyrslum á almennu tjaldsvæðin sem aðallega fólust í því að keyra mól á staði þar sem myndast höfðu moldarflög í bleytutíð. Eins var reynt að bera mól í stærstu holurnar á tjaldsvæðinu í Flatagerði. Það er þannig að álagið á grasflatirnar á tjaldsvæðunum eykst sífellt, ekki síst vegna þess að hjólhýsin fara ört stækkandi.

Eins voru gerðar lagfæringar á veginum í Skuggabjörgum, nánar tiltekið sitt hvorum megin bæjarlækjarins en sú leið var orðin illfær. Var leiðin sléttuð en þó aðallega borin mól í veginn.

9. Gróðursetning og jarðvinnsla

Gróðursetning hófst seint eða ekki fyrr en um 20. júní. Var það vegna þess að jarðvinna þurfti gróðursetningarsvæðið á Belgsá fyrir gróðursetningu. Gróðursetningu lauk á Hálsmelum 28. júní. Á Belgsá var gróðursett í TTS-jarðvinnslu sem íbætur í neðri hluta reitar nr. 233 innan svokallaðs Landsvirkjunarsvæðis. Einnig var gróðursett í jarðvinnslu í hluta reita nr. 241, 242 og 243. Á Hálsmelum var gróðursett í hluta reita nr. 621 og sem íbætur í reiti nr. 589 og 603.

Um haustið hófst samstarf við Landgræðsluna um gróðursetningu á Hólasandi. Voru gróðursettar þar um 30.954 plöntur á vegum Skógræktarinnar. Um verkið sá verktaki að nafni Antoine Michalet og gróðursett seinnipartinn í ágúst.

Í heild voru því gróðursettar um 50.518 bakkaplöntur.

Um miðjan júní var jarðunnið á Belgsá með TTS-herfi um 5 hektara svæði. Í kjölfarið var strax gróðursett í svæðið. Jón Þórólfsson í Lundi sá um jarðvinnsluna.

Yfirlit yfir gróðursetningu ársins

<i>Gróðursetningar ársins 2019</i>						
Staður	Tegund	Pl. aldur	Bakkagerð	Kvæmi	Fjöldi	Athugasemd
Belgsá	Stafafura	1/0	Fp-67	Bugar	6.700	Svæði Landsvirkjunar
Belgsá	Stafafura	1/0	Fp-67	Bugar	2.613	
Belgsá	Rússalerki	1/0	Fp-67	Lassinmaa	1.809	
Hálsmelar	Rússalerki	1/0	Fp-67	Lassinmaa	4.221	
Hálsmelar	Stafafura	1/0	Fp-67	Bugar	938	
Hálsmelar	Stafafura	1/0	Fp-67	Oppala	3.283	
Hólasandur	Rússalerki	1/0	Fp-67		26.934	Samstarfsverkefni með Landgræðslunni
Hólasandur	Birki	1/1	Fp-67		4.020	Samstarfsverkefni með Landgræðslunni
				Samtals:	50.518	

10. Byggingar

Áfram var haldið með lagfæringar á starfsmannahúsinu á Furuvöllum. Nú var endanlega gengið frá gluggum að innanverðu í húsinu og herbergi í gistiálm-
unni máluð og lagfærð.

Einnig var voru allar rafmagnslagnir í eldri hluta Furuvalla endurnýjaðar, bætt við tenglum og skipt um ljósastæði þar sem þess þurfti. Var þetta mjög tíma-
bær aðgerð sem unnin var af Ljósgrættum á Akureyri.

Síðastliðið haust var enn reynt að gera lagfæringar vegna leka á þakinu á íbúðarhúsinu á Þórðarstöðum. Var nú meðal annars steypt í strompinn á hús-
inu. Vonandi dugar þetta.

11. Vélar og verkfæri

Ekkert var fjárfest í vélum eða verkfærum sem vert er að nefna. Þó var keypt ný
úðadæla fyrir Fræhúsið.

12. Ýmislegt

12.1. Fundir, ferðalög og viðburðir

23. til 24. janúar	Skógarvarðafundur Selfossi og nágrenni.
7. febrúar	Fundur um fjárhagsáætlun deildarinnar með yfirstjórn.
3. mars	Skíðagöngunámskeið í Vaglaskógi á vegum Umf. Bjarma.
27. mars	Aðalfundur Skógræktarfélags Fnjóskdæla haldinn á Furuvöllum.
30. mars	Fjölskyldu- og skíðadagur í Vaglaskógi á vegum Umf. Bjarma.
3. til 4. apríl	Fagraðstefna Hallormsstað.
24. maí	Tjald- og fastleigusvæðin í Vaglaskógi sumaropnun.
26. júní	Skoðunarferð um skógræktarsvæðið Belgsá með Ásrúnu Elmarsdóttur frá Landsvirkjun.
16. ágúst	Heimsókn Landgræðsluskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna.
15. september	Tjald- og fastleigusvæðin í Vaglaskógi vetrarlokun.
24. september	Heimsókn Bigir Teitsson arkitekt. Staðsetning á eldaskála í Vaglaskógi.
20. nóvember	Aðalfundur Veidifélags Fnjóskár 2018.
7. desember	Jólamarkaður í Vaglaskógi.

Jólamarkaður var haldinn í annað sinn 10. desember í starfstöð Skógræktarinnar á Vöglum í Fnjóskadal. Var hann með sama sniði og áður. Aðsókn að markaðnum var góð og komu hátt í 350 manns í Vaglaskóg þennan dag í ágætu veðri. Nemendur af unglíngastigi Stórutjarnaskóla seldu veitingar á markaðnum til fjáröflunar fyrir ferðasjóð sinn.



Mynd: Frá fjölskyldu- og skíðadegi í Vaglaskógi.

12.2. Ferðafólk

Fjöldi ferðamanna var í ágætu meðallagi þetta árið þó tíðarfar væri ekkert sérstaklega hagstætt. Opnað var fyrir seinustu helgina í maí og lokað um 15. september. Skráðar gistinætur í Vaglaskógi voru 6.742 og skiptust þannig: Í maí 48, í júní 1.632, í júlí 3.103, í ágúst 1.916 og 48 í september. Samtals voru gestakomur 4.590 á tjaldsvæðunum. Hlutfall erlendra ferðamanna var einungis um 6,3% en virðist þó vera að aukast hægt og bítandi.

12.3. Annað

Gert var til kola í Vaglaskógi í ágústmánuði og kolað tvisvar sinnum í kolaofni sem er í eigu deildarinnar. Sjálfsagt eru orðin um 20 ár síðan ofninn var síðast notaður. Úr þessu komu um 4 rúmmetrar af kolum sem vógu um 800 kg. Í þessa framleiðslu þurfti um 15 m³ lerkiöldvið sem hafði verðið sagaður og klofinn. Kolin voru gefin af hálfu Skógræktarinnar til Járngerðarhátíðarinnar sem haldin var í lok ágúst á Eiríksstöðum í Dölum. Þóttu kolin duga vel til járngerðar og annarrar notkunar.

Sá óheppilegi atburður átti sér stað að brotist var inn í starfsmannahúsið á Furuvöllum aðfaranótt 17. júní. Stolið var peningum og lyklum að bílaleigubíl sem Skógræktin var með á leigu. Málið upplýstist ekki en bíllinn fannst stuttu síðar úti á Hálsmelum nánast óskemmdur og óverulegum fjármunum stolið þannig að þetta fór allt á betri veginn. Við lærðum hins vegar mikið af þessu atviki.

Fjögurra skóga hlaupið er orðið fastur liður og var haldið þann 27. júlí. Þátttaka reyndist góð. Eins og áður sá Björgunarsveitin Þingey um framkvæmdina.

Vöglum, desember 2020. Rúnar Ísleifsson.